

4. gr. og 4. mgr. 6. gr. laga nr. 14/1942 að æskja þess, að Læknaráð láti uppi rökstutt álit um eftirfarandi á grundvelli læknisfræðilegra gagna málsins, þar á meðal hinna nýju gagna og héraðsdóms:

1. Telur Læknaráð enn „yfirgnæfandi líkur“ á, að blæðing sú, er Einar Th. Hallgrímsson fékk hinn 17. mars 1970 sé afleiðing af höfuðhöggi?

2. Eru þess dæmi, að menn hafi fengið blæðingu á sama stað og Einar, þ. e. frá æðinni arteria anterior communis, af höfuðhöggi?

Ályktarorð:

Læknaráð láti í té álitserð samkvæmt framan-
greindu.

Þriðjudaginn 20. mars 1979.

Nr. 136/1977. Jóhann Ásmundsson

(Benedikt Blöndal hrl.)

gegn

hreppsnefnd Eyrarsveitar

(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.).

Synjað innsetningargerðar. Vegur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús P. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Ríkarður Másson, fulltrúi sýslumannsins í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 19. ágúst 1977. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og synjað um framkvæmd hinnar umbeðnu inn-

setningargerðar. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt bréfi vegamálastjóra til áfrýjanda 12. september 1963 var vegarkafli sá, sem um ræðir í máli þessu, í tölu þjóðvega, uns nýr vegur var lagður „fyrir meira en áratug“. Líti Vegagerð ríkisins svo á, að vegarkafli þessi „hafi þá fallið úr þjóðvegatölu, svo sem venja er, þegar nýr þjóðvegur er lagður samhliða gömlum vegi“. Hafi Vegagerðin ekkert „við það að athuga fyrir sitt leyti“, að áfrýjandi sem landeigandi loki vegarkafnanum.

Með skírskotun til framangreindrar yfirlýsingar þykir verða við það að miða, að vegur sá, sem áfrýjandi hefur lokað, hafi ekki talist til þjóðvega, eftir að vegarstæði Eyrarsveitarvegar var fært. Engin skýr gögn hafa komið fram um það, að hinn aflagði þjóðvegarkafli niður með Kverná hafi eftir breytinguna haldist sem umferðarleið, er íbúar Eyrarsveitar almennt ættu umferðarrétt um. Samkvæmt þessu verður ekki talið, að stefndi geti krafist þess fyrir hönd íbúa sveitarfélagsins almennt, að hinn aflagði þjóðvegarkafli skuli opnaður með beinni fúgetagerð fyrir umferð þeirra í Kvernárkamp, svo sem í innsetningarbeiðninni felst. Er þá engin afstaða tekin til þess, hvort eigandi Kvernárkamps, sem ekki er gerðarbeiðandi, eða aðrir einstaklingar hefðu getað krafist þess, að hlið áfrýjanda yrði opnað með beinni fúgetagerð.

Samkvæmt þessu ber að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og synja um framkvæmd hinnar umbeðnu innsetningargerðar.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 180.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og er synjað um framkvæmd hinnar umbeðnu innsetningargerðar.

Stefndi, hreppsnefnd Eyrarsveitar, greiði áfrýjanda, Jóhanni Ásmundssyni, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, 180.000 krónur, að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Pórs Vilhjálmssonar hæstaréttardómara.

Í gerðarbeiðni þeirri, sem lögmaður stefnda sendi sýslumanninum í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 18. júlí 1977, segir:

„F. h. hreppsnefndar Eyrarsveitar fer ég þess á leit við yður, herra sýslumaður, að þér veitið atbeina yðar til að hindra og upphefja ólögmdæta lokun vegar, sem liggur frá Þjóðveginum til Grundarfjarðar, niður að námu við sjó, meðfram Kverná að austanverðu í landi jarðarinnar Kvernár. Þess er jafnframt farið á leit, að umbj. m. verði settur inn í afnot vegarins f. h. íbúa Eyrarsveitar, en hagsmunir sveitarfélagsins krefjast þess, að umferð um hann sé frjáls og óhindruð.

Hér er um að ræða gamla Þjóðveginn til Grundarfjarðar, en hann liggur nú niður í námu í svonefndum Kampi. Þar er tekið efni til steypugerðar í sveitarfélaginu, uppfyllingar grunna og annarra nota. Talið er, að 79. gr. núgildandi vegalaga eigi við um veg þennan, en samskonar ákvæði var í vegalögum frá 1963.“

Í 79. gr. vegalaga nr. 66/1975 segir:

„Nú liggur vegur, stígur eða götutroðningur yfir land manns og telst eigi til neins vegflokks, og er landeiganda þá heimilt að gera girðingu yfir þann veg, með hliði á veginum, en eigi má hann læsa hliðinu né með öðru móti hindra umferð um þann veg, nema sveitarstjórn leyfi.

Ákvörðun sveitarstjórnar, samkv. 1. mgr., má leggja undir úrskurð vegamálastjóra.“

Í máli þessu er upplýst, að áfrýjandi lokaði hliði á vegi, sem nánar er lýst í gerðarbeiðni og hinum áfrýjaða úrskurði og sem telja verður, að 79. gr. vegalaga gildi um. Ekki hafði hann til þess leyfi sveitarstjórnar stefnda fyrir Hæstarétti.

Líta verður svo á, að þegar af þeirri ástæðu, að sveitarstjórn er í 79. gr. vegalaga ætlaður afskiptaréttur af því, hvort loka megi vegi, sem sú grein fjallar um, sé stefndi réttur aðili máls þessa. Þar sem leyfi stefnda lá ekki fyrir til að loka veginum, ber að taka kröfu hreppsnefndarinnar um að opna veginn til greina, enda er það fordæmisregla í íslenskum rétti, að fjarlægja megi lása og slíkar hindranir með innsetningargerð fógeta. Verður að telja, að stjórnvöld geti leit að þessa úrræðis, ef það þykir henta til brottnáms ólögmæts ástands.

Samkvæmt framanskráðu tel ég, að staðfesta beri hinn áfrýjaða úrskurð og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ég tel hæfilega ákveðinn 80.000 krónur.

Úrskurður fógetaréttar Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu

6. ágúst 1977.

Með beiðni, dags. 18. júlí sl., fór gerðarbeiðandi, hreppsnefnd Eyrarsveitar, þess á leit að fá aðstoð fógeta til þess að hindra og upphefja ólögmæta lokun vegar, sem liggur frá Þjóðveginum til Grundarfjarðar, niður að námu við sjó, meðfram Kverná að austanverðu í landi jarðarinnar Kvernár. Þess er jafnframt farið á leit, að gerðarbeiðandi verði settur inn í afnot vegarins f. h. íbúa Eyrarsveitar.

Gerðarþoli bar fram mótmæli gegn framkvæmd gerðarinnar, en aðiljar lögðu síðan ágreining þennan undir úrskurð fógetaréttarins.

Hvor aðilja um sig hefur krafist greiðslu hæfilegs málskostnaðar úr hendi gagnaðilja.

Málavextir eru þeir, að árið 1935 keypti Stefán Stephensen, nú búsettur í Reykjavík, land með malarnámu skammt austan við Kverná í Eyrarsveit. Liggur landið með sjó. Að austan liggur jörðin Grund, að sunnan jörðin Kverná og að vestan landspilda í eigu ríkissjóðs. Vegur að landi þessu liggur yfir land Kvernár. Er það gamall Þjóðvegur, sem var í Þjóðvegatölu, þar til nýr Þjóðvegur var gerður árið 1950. Þessi gamli Þjóðvegur hefur verið notaður til þess að komast í umrædda námu og er eini vegurinn, sem liggur að námunni. Efni úr námu þessari hefur verið notað til húsbygginga og annarrar mannvirkjagerðar á

Grundarfirði, svo sem hafnargerðar. Telur því hreppsnefnd Eyrarsveitar sér skylt að gæta hagsmuna íbúa Eyrarsveitar og sjá um, að allir eigi greiða leið að námunni.

Hinn 16. júlí sl. bannaði gerðarþoli Lárusi Guðmundssyni, Grundarfirði, ferð um veginn með vinnutæki til þess að sækja efni í námuna, en Lárus hefur gert samning við Stefán Stephen- sen, eiganda hennar, um efnistöku þar.

Gerðarbeiðandi rökstyður innsetningarbeiðni sína með því, að umræddur vegur falli undir ákvæði 79. gr. vegalaga frá 25. mars 1977, og sé því gerðarþola óheimilt að loka honum með læstu hliði eða hindra umferð um hann með öðru móti.

Gerðarþoli mótmælir því, að vegur þessi falli undir 79. gr. vegalaga, og telur, að vegurinn sé einkavegur, sbr. 37. gr. vegalaga.

Ekki verður fallist á, að það breyti nokkru um umferðarrétt um nefndan veg, hvort hann flokkast undir 79. gr. eða 37. gr. vegalaga, því að einkavegi, sem liggur að fleiri eignum en einni, getur eigandi einnar eignar ekki meinað eigendum annarra eigna umferð um.

Af hálfu gerðarþola er ekki vefengt, að vegur þessi hafi áður verið í þjóðvegatölu og hafi þá og eftir að nýi þjóðvegurinn var gerður, verið notaður til þess að flytja eftir efni úr malarnám- unni. Gerðarþoli heldur því þó fram, að síðan árið 1950 hafi enginn farið um veginn án þess að fá fyrst samþykki hans. Gerðar- beiðanda, íbúum Eyrarsveitar, eiganda námunnar svo og öðrum, sem hafa leyfi til efnistöku úr námunni, er brýn þörf á að kom- ast um veginn. Verður krafa gerðarbeiðanda um innsetningu tekin til greina á hans ábyrgð. Rétt þykir, að gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda málskostnað vegna fógetamáls þessa. Þykir hann hæfilega tiltekinn kr. 150.000.

Því úrskurðast:

Gerð þessi fer fram samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda og á hans ábyrgð.

Gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 150.000 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri að- för að lögum.